



Fréttatilkynning

09 July 2024 13:44:00 GMT

## Arion banki hf.: Reglubundin tilkynning um kaup á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun

Vísað er til tilkynningar Arion banka sem birt var 4. apríl 2024 um framkvæmd endurkaupaáætlunar og 8. maí 2024 um áframhaldandi framkvæmd endurkaupaáætlunar. Í 27. viku 2024 keypti Arion banki eigin hluti á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. Tekið er fram að endurkaup sænskra heimildarskírteina (SDR) á Nasdaq í Stokkhólmi samkvæmt áætluninni er lokið. Sjá frekari upplýsingar hér að neðan.

Endurkaup á hlutum á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland í umrædd skipti voru eftirfarandi:

Dagsetning	Tími	Keyptir hlutir	Viðskiptaverð	Kaupverð (kr.)	Hlutir í eigu Arion eftir viðskipti
2.7.2024	11: 10: 36	200.000	129,00	25.800.000	40.279.215
2.7.2024	13: 45: 33	200.000	129,00	25.800.000	40.479.215
3.7.2024	11: 04: 53	300.000	130,00	39.000.000	40.779.215
4.7.2024	11: 30: 10	200.000	132,00	26.400.000	40.979.215
4.7.2024	14: 24: 26	200.000	132,50	26.500.000	41.179.215
5.7.2024	15: 00: 46	500.000	133,75	66.875.000	41.679.215



		1.600.000		210.375.000	41.679.215

Endurkaupum á heimildarskírteinum á Nasdaq í Stokkhólmi er lokið.

Arion banki átti fyrir viðskiptin í viku 27 samtals 43.160.187 eigin hluti og heimildarskírteini og á bankinn í lok viku 27 samtals 44.760.187 eigin hluti og heimildarskírteini. Samtals á bankinn nú sem nemur 3,06% af útgefnum hlutum í félaginu. Frá því að endurkaupaáætlun hófst hefur bankinn keypt samtals 34.115.024 hluti og 355.086 heimildarskírteini.

Heimilt verður að kaupa allt að 365.000 SDR í Svíþjóð, sem samsvarar 0,025% af útgefnum hlutum og allt að 36.135.000 hluti á Íslandi, eða sem svara til 2,473% af útgefnum hlutum bankans (samtals um 2,5% af útgefnum hlutum). Fjárhæð endurkaupanna skal ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 50.000.000 kr. í Svíþjóð og 4.950.000.000 kr. á Íslandi (samtals 5 milljarðar króna). Framkvæmd endurkaupaáætlunar lýkur þegar framangreindu er náð eða í síðasta lagi 31. desember 2024. Arion banki hf. hefur heimild til að stöðva framkvæmd endurkaupaáætlunarinnar hvenær sem er á tímabilinu.

Endurkaupaáætlunin er framkvæmd í samræmi við lög og reglur á Íslandi og í Svíþjóð, eins og við á, þar með talin Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) um markaðssvik („MAR“) og ákvæði framseldar reglugerðar framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 2016/1052, sem og íslensk lög um hlutafélög nr. 2/1995, lög nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum auk reglna nr. 320/2022 um sama efni. Viðskipti með eigin hluti í samræmi við endurkaupaáætlunina verða birt opinberlega í samræmi við gildandi lög og reglur í Svíþjóð og á Íslandi, eins og við á.

#### Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Theodórs Friðbertssonar, fjárfestatengslum Arion banka, [ir@arionbanki.is](mailto:ir@arionbanki.is), s. 856 6760, eða Eiríks Dórs Jónssonar, forstöðumanns fjárstýringar, [eirikur.jonsson@arionbanki.is](mailto:eirikur.jonsson@arionbanki.is), s. 856 7171

#### Viðhengi

[Arion banki hf.: Reglubundin tilkynning um kaup á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun](#)